

Atriði varðandi sögu Raunvísindastofnunar Háskólans og tengsl hennar við kennslu í raungreinum við Háskóla Íslands, til 1999.

(Eftir uppkasti frá 11/1999 – LK 8/2008. Lagfært 11/2010, 1/2011 og 2/2013).

Forsaga

Kennsla og rannsóknir í raunvísindum fóru seint af stað við Háskóla Íslands, miðað við ýmsar aðrar greinar í H.Í. og enn frekar ef miðað er við þróun háskóla erlendis. Efnafræði var þó kennd nemum í læknadeild frá upphafi, einkum af Trausta Ólafssyni 1921-59. Á árinu 1935 voru sett lög um rannsóknastofnun sem frá 1940 hét Atvinnudeild Háskólans. Var reist yfir hana fyrsta húsið á háskólalóðinni og tók hún til starfa þar haustið 1937. Hún annaðist ýmsar hagnýtar rannsóknir í landbúnaði, haffræði, sjávarlíffræði, og iðnaði, en var alltaf í lausum tengslum við annað starf Háskólans. Slitnuðu þau tengsl formlega með löggjöf um Rannsóknir í þágu atvinnuveganna í maí 1965, og starfsemin fluttist af lóðinni. Síðast flutti Rannsóknastofnun iðnaðarins (áður Iðnaðardeild) 1970 skv. ritinu "Í ljósi vísindanna", eða 1971. Þrír jarðfræðingar sem höfðu starfað þar, urðu sérfræðingar á Raunvísindastofnun Háskólans: Guðmundur E. Sigvaldason frá líklega miðju ári 1968, Þorleifur Einarsson um áramót 1968/69, Sigurður Steinþórsson 1970 eftir framhaldsnám.

Í H.Í. var kennd verkfræði til fyrrihlutaprófs frá hausti 1940, og þar tekið mið af námsskrá í Kaupmannahafnarháskóla sem var að miklu leyti sameiginleg fyrir bygginga-, véla- og rafmagnsverkfræði. Þetta var 2 vetra nám þar en lengst af 3 vetra hér; 306 luku því 1943-71. Tilheyrði náminu talsverð kennsla í raungreinum, og voru m.a. kennararnir Leifur Ásgeirsson stærðfræðingur og Trausti Einarsson stjarnfræðingur, skipaðir prófessorar 1945 um leið og reglugerð um Verkfræðideild tók gildi. Trausti ritaði margt um jarðfræði og jarðeðlisfræði, til dæmis varðandi jarðhita og Heklugosið 1947-48. Þyngdarsviðs-kort hans af landinu kom út 1954, og 1953 hóf hann mælingar á segulstefnu í hraunlögum. Meðal annarra raungreinakennara voru Guðmundur Arnlaugsson í stærðfræði, Björn Bjarnason í aflfræði, Steinþór Sigurðsson í eðlisfræði og Trausti Ólafsson í efnafræði. Meirihluti stúdentanna hélt áfram erlendis að loknu fyrrihlutaprófinu: stærsti hópurinn í byggingaverkfræði, en einnig allmargir í vélaverkfræði (t.d. Þorbjörn Karlsson, Helgi Sigvaldason og Karl Ragnars) eða rafmagns- og rafeinda-verkfræði (t.d. Björn Kristinsson, Sigríður Á. Ásgrímsdóttir og Marteinn Sverrisson), og nokkrir í eðlisfræði (t.d. Páll Theódórsson, Þorvaldur Búason og Einar Júlíusson).

B.A.-nám í raungreinum komst á í Heimspekideild með reglugerð 10. sept. 1951; kennarar voru úr Verkfræðideild auk stundakennara. Megin-tilgangur þess náms var sagður sá að mennta kennara fyrir gagnfræðastigið. Aðeins um 15 manns luku slíku námi með raungrein sem aðalgrein við Heimspekideild, og fóru flestir í annars konar störf.

Þorbjörn Sigurgeirsson eðlisfræðingur var framkvæmdastjóri Rannsóknaráðs ríkisins frá 1949, og stóð þar að ýmsum rannsóknum á náttúru landsins. Hann vann m.a. við athuganir á stefnu segulmagns í bergi með Trausta Einarssyni frá 1953 og hannaði til þeirra næm mælitæki sem merkar niðurstöður fengust með frá um 1956. Þorbjörn var jafnframt frumkvöðull í starfi Kjarnfræðanefndar Íslands, sem var samstarfsnefnd stofnana og vann að ýmsum þörfum málefnum á því sviði 1956-62. Hann kom einnig upp

stöð í Leirvogi við Reykjavík 1957 til samfelldra mælinga á segulsviði jarðar, sem enn er starfrækt. Sama ár var hann skipaður prófessor í eðlisfræði við Verkfræðideild.

Eðlisfræðistofnun Háskólans

Eðlisfræðistofnun Háskólans var komið á fót um áramót 1957-58. Engin sérstök reglugerð var um hana og nafnið bjó Þorbjörn Sigurgeirsson til, en í 85. grein reglugerðar um H.Í. nr. 76/1958 er sagt að rannsóknastofa til mælinga á geislavirkum efnum heyrir undir prófessorinn í eðlisfræði. Þá voru stórveldin að framkvæma miklar kjarnorku-tilraunasprengingar og byggja upp vopnabúr sín, og óttaðist fólk hættu af geislavirku úrfelli. Á hinn bóginn var vitað að notkun geislavirkni í friðsamlegum tilgangi bauð upp á möguleika til framfara m.a. í vísindum, lækningum, landbúnaði og iðnaði. Fyrsti sérfræðingur Eðlisfræðistofnunar Háskólans var ráðinn Páll Theodórsson eðlisfræðingur. Smíðaði hann tæki til mælinga á geislavirkni í regn- og grunnvatni og matvælum, en önnur voru keypt með stuðningi Alþjóða-kjarnorkumálastofnunarinnar. Sá Páll um rekstur slíkra mælinga lengi, en Geislavarnir ríkisins tóku svo við þeim (upp úr 1980?).

Bergsegulmælingar Þorbjörns og segulmælingastöðin í Leirvogi fluttust með honum frá Rannsóknaráði til Eðlisfræðistofnunarinnar. Á árinu 1963 var tekinn í notkun massagreininir til mælinga á samsætuhlutföllum vetnis í úrkomu og grunnvatni, m.a. vegna jarðhita-rannsókna, og starfaði Bragi Árnason efnafræðingur við hann til um 1978. 1963 hóf einnig Þorsteinn Sæmundsson stjarnfræðingur störf við Eðlisfræðistofnun, og tók að sér umsjón segulmælingastöðvarinnar auk rannsókna á norðurljósum. Meðal annarra verkefna Eðlisfræðistofnunar fram til 1966 voru smíði nýrra tegunda af rafeindatækjum til mælinga á styrk jarðsegulsviðsins, og fjölþættar rannsóknir tengdar gosinu í Surtsey sem hófst haustið 1963 og lauk 1967. Feltvinna í stóru bresk-íslensku verkefni í kortlagningu jarðlaga með áherslu á bergsegulmælingum, stóð yfir sumurinn 1964-65. Eðlisfræðistofnunin var fyrst til húsa í kjallara aðalbyggingar H.Í., síðar að mestu á jarðhæð Þjóðminjasafnshússins og í hluta af Loftskýtastöðinni við Suðurgötu. Verkkennslustofa á efri hæð leikfimiússins var einnig eitthvað notuð.

Raunvísindastofnun Háskólans 1966-68

Áhugi var á að breikka svið kennslu og rannsókna í raunvísindum á Íslandi, og var m.a. skipuð 6 manna nefnd af háskólarektor snemma árs 1961 til að gera tillögur um eflingu þeirra. Fór svo að byggt var nýtt hús fyrir þá starfsemi að Dunhaga 3. Þorbjörn Sigurgeirsson var formaður byggingarnefndar hússins. Í kjallara þess var Reiknistofnun Háskólans einnig starfandi, frá hausti 1964. Til byggingarinnar var m.a. nýttur styrkur frá Bandaríkjustjórn í tilefni 50 ára afmælis Háskólans 1961.

Var sett á fót Raunvísindastofnun Háskólans sem skyldi vera vettvangur rannsóknastarfs Háskólans í raunvísindum. Um leið var Eðlisfræðistofnunin lögð niður. Um Raunvísindastofnun gildi fyrst reglugerð nr. 104 frá 4. júní 1966, og tók stofnunin til starfa 12. júlí með ákvörðun ráðherra. Í stofnuninni voru skv. reglugerðinni fjórar stofur: Stærðfræðistofa, Eðlisfræðistofa (þar með fyrst um sinn jarðeðlisfræðilegar mælingar

framkvæmdar í vinnustofu), Efnafræðistofa og Jarðeðlisfræðistofa (þar á meðal rekstur athugunarstöðva og úrvinnsla jarðeðlisfræðilegra gagna).

Í fyrstu stjórn stofnunarinnar voru, í sömu röð og hér ofar, forstöðumenn stofanna: Leifur Ásgeirsson, Þorbjörn Sigurgeirsson, Steingrímur Baldursson (þá í Læknad.) og Þorsteinn Sæmundsson (til eins árs sem staðgengill Gunnars Böðvarssonar. Gunnar sem starfaði þá vestanhafs, hafði áður staðið fyrir merlum jarðhitarannsóknnum hér. Hann var skipaður prófessor fram eftir árinu 1968 en hætti við að flytjast til landsins). Þorsteinn Sæmundsson sat e.t.v. bara þetta eina ár í stjórninni, en varð síðan deildarstjóri sérstakrar háloftadeildar frá 1967. Magnús Magnússon prófessor í eðlisfræði var ráðinn forstjóri og um leið stjórnarformaður stofnunarinnar í upphafi, og gegndi því starfi fram til 1976.

Raunvísindastofnunin hefur alla tíð haft sjálfstæðan fjárhag og sérstakar fjárveitingar á fjárlögum. Auk starfslíðs hennar (sérfræðinga, annars starfsfólks við rannsóknir, og skrifstofufólks) hafa kennarar Háskóla Íslands á sviðum stofnunarinnar haft þar aðstöðu til rannsókna sinna. Fáeinir hafa þó haft aðstöðu annarsstaðar, þegar það hefur þótt henta. Sérfræðingar voru orðnir 8 árið 1968. Hafa sumir þeirra, eins og hinir þrír sem nefndir voru fyrr, verið ráðnir til ákveðinna langtíma-verkefna stofnunarinnar, en einnig hafa ungir vísindamenn verið ráðnir til takmarkaðs tíma (oft 1-3 ár í einu) til að starfa sjálfstætt að eigin rannsóknum. Margir þeirra hafa sinnt stundakennslu við skólann og setið í skorum, og allnokkrir fluttust með tímanum í kennslustöður.

Efling rannsókna og kennslu 1966-75

Á árunum 1966-70 var áðurnefnd kennsla til B.A.- prófs eflað mjög við H.Í.: fyrst var B.A. námið flutt til Verkfræðideildar haustið 1966 (skv. Árbók H.Í.; reglugerðarbreyting nr. 81, 2. sept. 1965 og önnur nr. 64 4. júní 1968). Svo var nafni deildarinnar breytt í Verkfræði- og raunvísindadeild með lögum nr. 22 í maí 1969 (reglugerðarbreyting nr. 91 4. des. 1969) og settar upp námsbrautir (þó ekki formlega fyrr en með annarri breytingu nr. 81, 13. júlí 1970) til B.S.-prófs í eðlisfræði, efnafræði, stærðfræði, jarðfræði, landafræði og líffræði. Sem fyrr var tilgangurinn ekki síst sá að mennta skólakennara.

Kennsla í jarðfræði og líffræði byrjaði haustið 1968 og voru nemendur þá skráðir í þær greinar (sumir hafandi byrjað í B.A.-náminu á árinu 1967) sem svo útskrifuðust með BS-gráður, þeir fyrstu voru 1972. Sigurður Þórarinsson jarðfræðingur við Náttúrufræðistofnun Íslands var settur prófessor í jarðfræði frá 1. ágúst 1968 (skipaður ári síðar). Hann var fjölhæfur og vel metinn jarðfræðingur á alþjóðavettvangi, ekki síst fyrir framlag til eldfjallafræða og jökjarannsóknna. Fékkst undir jarðfræðikennsluna hálf neðsta hæð Atvinnudeildarhúss, og jukust umsvifin þar þannig að 1973 fékk húsið nýtt nafn, Jarðfræðahús H.Í. Norræna eldfjallastöðin sem var vígð í okt. 1974, fékk inni á efstu hæð þess um árabíl og samnýtti ýmsa aðstöðu með R.H. og kennslunni, en flutti 1996 á Grensásveg. Mér virðist að kennsla til BA/BS-prófs í landafræði við VRD hafi ekki byrjað fyrr en haustið 1969 (fyrsta útskrift var vorið 1972, sá nemandi hafði innritast í heimspekideild 1968), jafnvel ekki heldur í efnafræði (fyrsta útskrift var vorið 1973).

Formleg breyting jarðeðlisfræðistofu R.H. í jarðvísindastofu varð í mars 1968 með reglugerðarbreytingu 39/1968 og varð Sigurður Þórarinnsson forstöðumaður frá hausti 1969. Heimilað var síðan að skipta stofum í deildir (með samþykki Menntamálaráðuneytisins) í nýrri reglugerð 4/1971 um R.H.

Í kennsluskrá HÍ kemur fram að byrjað var veturinn 1963-64 að bjóða námskeið í raf- og véltækni í fyrrihluta-verkfræðináminu. Haustið 1970 hófst 4 ára BS-nám í bygginga-, rafmagns- og vélaverkfræði og 2 ára fyrrihlutanám í eðlis- og efna-verkfræði. Hugsanlega var þá einnig BS-nám í jarðeðlisfræði í boði, en fyrstu tveir nemendur sem luku því námi byrjuðu líklega 1971. Bættust á þessum árum við margar nýjar kennarastöður við deildina sem og sérfræðingsstöður við R.H.

Sigmundur Guðbjarnason varð prófessor í lífrænni efnafræði og lífefnafræði við Verkfræði- og raunvísindadeild um mitt ár 1970 og forstöðumaður efnafræðistofu árið eftir. Hann kom þar upp öflugum rannsóknum í lífefnafræði, sem hafa síðan verið einn meginþáttur í starfi þeirrar stofu. Eðlisfræðiskor skiptist í eðlisfræði- og efnafræðiskorir með reglugerðarbreytingu í febrúar 1972, og einnig skiptist þá náttúrufræðiskorin. Próf. Steingrímur Baldursson fluttist úr Læknadeild í Verkfr.- og raunvísindadeild 1. feb. 1974.

Með reglugerðarbreytingu 255/1971 sem gekk í gildi í árslok, var Reiknistofnun Háskólans breytt í Reiknistofnu Raunvísindastofnunar. Sú skipan stóð í nokkur ár, og sinni stofan bæði reikniþjónustu innan og utan H.Í. og eigin verkefnum.

Jarðeðlisfræðideild innan jarðvísindastofu var stofnuð um áramót 1973-74 þegar Sveinbjörn Björnsson varð sérfræðingur við R.H. og deildarstjóri. Þorbjörn Sigurgeirsson hafði hafið mælingar á jarðskjálftum tengdum eldvirkni í Surtseyjargosinu, og jók Sveinbjörn mjög við þessháttar rannsóknir á næstu árum, frá 1975 ásamt Páli Einarssyni og síðar einnig Bryndísi Brandsdóttur. Voru bæði settir upp fastir síritandi skjálftamælar víða um land, og eins fylgst vel með atburðum á borð við Kröfluelda sem stóðu til 1984. Rannsóknir á jöklum urðu einnig vaxandi þáttur í umsvifum jarðeðlisfræðideildar.

4. árs nám var strax í boði fyrir nýja líffræðinga, og höfðu 5 lokið því haustið 1973 (Árbók 1985-87 bls. 117). Brátt buðu fleiri skorir upp á það. Um líffræði-rannsóknir Verkfræði- og raunvísindadeildar var sett á fót 1974 Líffræðistofnun Háskóla Íslands. Hún er ótengd Raunvísindastofnun og hafði mestu aðsetur við Grensásveg til 2003/04. Verkfræðistofnun H.Í. tók til starfa 1977 (reglugerð sett 8. nóv. tók gildi 1. jan. 1978).

Þróun frá 1976

Ný reglugerð fyrir R.H. tók gildi í árslok 1975. Störf forstjóra og skrifstofustjóra voru þá lögð niður, en verkefni þeirra færð til framkvæmdastjóra og stjórnarformanns sem kjörinn var af deildarráði til 4 ára eins og forstöðumenn stofa. Sveinbjörn Björnsson varð fyrsti stjórnarformaður R.H. frá feb. 1976, en síðan tóku við Örn Helgason, Þorkell Helgason, Jón Bragi Bjarnason, Þorsteinn I. Sigfússon, Eggert Briem og Stefán Arnórsson frá 1999.

Eina breytingin á stofu-skipulagi R.H. með reglugerðinni 1975/76 var sú að Reiknifræðistofa tók til starfa. Reiknistofnun Háskólans varð að nýju sjálfstæð stofnun með reglugerð í mars 1976, og fékk aukinn tölvukost til þjónustuverkefna sinna.

Í árslok 1981 varð Jarðeðlisfræðistofa R.H. til úr jarðeðlisfræðideild Jarðvísindastofu með reglugerðarbreytingu. Segulmælingastöðin tilheyrði háloftadeild innan hennar. Hinn hluti Jarðvísindastofu varð að Jarðfræðistofu, sem Sigurður Þórarinnsson stýrði til ársloka 1982. Tveir landafræðikennarar Verkfræði- og raunvísindadeildar fengu aðstöðu þar frá árinu 1981. Deildinni var skipt í tvennt með lögum nr. 8, 13. apríl 1985, og tóku hinar nýju deildir til starfa 15. sept. skv. Árbók HÍ.

Frá 1976 þróaðist og óx stofnunin að ýmsu leyti, einkum vegna fjölgunar kennara sem aðstöðu höfðu við hana. Þeir voru um 30 á árinu 1985, en 46 1995 og sérfræðingar voru þá 29. Val var aukið í ýmsum námsbrautum og nýjar komu til sögunnar, m.a. í tölvunarfræði (1976), matvælafræði (1977, með aðalkennurum utan R.H. til að byrja með) og síðar lífefnafræði (1992). Sérstök matvælafræðiskor varð til 1996. Fjárveitingar hins opinbera héldu ekki í við þennan vöxt, þannig að sístækkandi hluti af veltu stofnunarinnar hefur fengist gegnum sértekjur s.s. styrki frá vísindasjóðum og útseld verkefni. Reglur um nám til M.S.-gráðu við raunvísindadeild komu til framkvæmda haustið 1989 (Árbók 1988-89 bls. 106) en ekki þó strax í öllum skorum, t.d. 1998 í tölvunarfræði. Fyrsti M.S.-neminn (í jarðeðlisfræði) lauk námi í júní 1990. Hafa rannsóknaverkefni margra M.S.- nema verið unnin við stofnunina.

Auk raungreinakennslu fyrir nemendur í fræðigreinum stofnunarinnar hafa fastir kennarar og sérfræðingar Raunvísindastofnunar (ásamt utanaðkomandi stundakennurum og í seinni tíð lengra komnum nemendum) alltaf haft með höndum mikla þjónustukennslu, einkum fyrir verkfræðinema. Þar má nefna grunn-námskeið í eðlisfræði, efnafræði og stærðfræði, og ýmis 2. árs námskeið svo sem í rafsegulfræði, varmafræði og aflfræði. Einnig námskeið fyrir nema í landafræði, matvælafræði, lyfjafræði o.fl. Vinnuálag í þessum námskeiðum óx með síauknum fjölda nemanda. Nokkrum sinnum kom hinsvegar fyrir að námskeið sem R.H. fólk hafði séð um fyrir aðrar kennslu-einingar H.Í. væru flutt til annarra, eða tekin út af námsframboði (t.d. aflfræði, fyrir byggingarverkfræðinema). Breytingar voru gerðar á verkfræðideild á árinu 1996: þá varð byggingarverkfræði að umhverfis- og byggingarverkfræði, rafmagnsverkfræði að rafmagns- og tölvuverkfræði, og vélaverkfræði að véla- og iðnaðarverkfræði.

Kennarar og sérfræðingar RH hafa alla tíð tekið mikinn þátt í starfi fag- og áhugafélaga hver á sínu sviði. Meðal þeirra eru Vísindafélag Íslendinga, Hið íslenska náttúrufræðifélag, Jöklarannsóknafélagið og útgáfustarfsemi á þeirra vegum, jarðfræði-, stærðfræði-, stjórnufræði-, eðlis- og efnafræðifélög o.s.frv. Þá hafa starfsmennirnir einnig verið virkir í Félagi háskólakennara, auk félagsstarfs innan R.H. sem var lengi blómlegt.

Reglugerð var óbreytt til desember 1999, og helsta breytingin á skipulagi stofnunarinnar í tvo áratugi var sú að stofnuð var lífefnafræðideild innan Efnafræðistofu um áramót 1995-96. Tveir kennarar á því sviði (Baldur Símonarson og Hörður Filippusson) fluttust þá til Raunvísindadeildar úr Læknadeild. Lífefnafræðideildin varð að

Lífefnafræðistofu um áramót 1999-2000 (en varð aftur að deild í Efnafraeðistofu 2008). Nýr massagreininir fékkst til Jarðeðlisfræðistofu 1984, til mælinga á ís úr Grænlandsjökli og grunnvatni. NMR-tæki til efnarannsóknna kom 1989. Meðal nýrra rannsóknasviða var þéttfnisfræði í Eðlisfræðistofu, sem Hafliði P. Gíslason stóð einkum fyrir að koma upp; hann varð eftirmaður Þorbjörns Sigurgeirssonar í prófessorsstöðu frá ársbyrjun 1987 (eftir að Þorbjörn sagði embættinu lausu fyrir aldurs sakir frá 1. feb. 1984 og Þorsteinn Halldórsson, sem var valinn til að taka við stöðunni um mitt ár 1985, hætti við).

Hið upphaflega húsnæði í byggingunni að Dunhaga 3 og í Jarðfræðahúsinu varð brátt of lítið fyrir starfsemi R.H., og hafa sérfræðingar og kennarar m.a. haft aðstöðu í hluta eftirtalinnna bygginga: VR-II (stærðfræðingar o.fl. frá 1975-76), VR-III (eðlis- og efnafraeðingar frá um 1987), norðurenda kjallara Aðalbyggingar H.Í. (jarðfræðingar), Tæknigarði (jarðeðlisfræðingar, reiknifræðingar o.fl. frá áramótum 1988-89, og ýmsir aðrir í stað jarðeðlisfræðinga frá 1997), Læknagarði (lífefna- og matvælafræðingar, frá 1996), Loftskæptastöð (stærðfræðingar o.fl. til hausts 1997), timburhúsum á lóðinni við Dunhaga (til vors 1998), og í hæð sem bætt var ofan á hluta Haga við Hofsvallagötu (jarðeðlisfræðingar, frá hausti 1997 til áramóta 2003/04).

Tækjasmíði var merkur þáttur í starfi Eðlisfræðistofnunar, og við R.H. á Dunhaga var verkstæði til smíða úr tré, málmum og gerviefnum sem og öflugt rafeindaverkstæði. Meðal nýrra tækja sem þar voru hönnuð og smíðuð voru jöklabor, nokkrir segulmælar, mikill fjöldi jarðskjálftamæla og tilheyrandi búnaðar, íssjár, geislamælar, staðsetningartæki, og skráningartæki sem síðar lögðu grunn að Marel hf. o.fl. framleiðslufyrirtækjum. Verkstæði var einnig í Jarðfræðahúsi. Ýmsu viðhaldi og viðgerðum var jafnframt sinnt.

Sérfræðingar gátu skv. úrskurði Kjaradóms 8. júlí 1986 og kjarasamningi vorið 1987 fengið framgang í starfsheitið fræðimaður (hliðstætt við dósentsstöðu kennara). Frá um 1993 fékkst framgangur í starfsheitið vísindamaður (hliðstætt við prófessorsstöðu).

Ýmsir atburðir í R.H. og kennslugreinum á sviðum hennar eftir 1999 (ekki tæmandi):

- Nafni jarðfræðistofu var breytt í jarð- og landfræðistofu í árslok 1999 skv. Árbók 1999.
- Nýjar reglur um R.H.: no. 896 16. des. 1999 (gilti frá 5. sept.) og no. 1014 17. des. 2001.
- Tölvunarfræðikennsla fluttist í Verkfræðideild haustið 2000, en kennarar í þeirri grein höfðu þó áfram rannsóknnaðstöðu á Raunvísindastofnun.
- Doktorsnám við Raunvísindadeild: fyrstu tvær útskrifaðar 2002.
- Matvælafræðiskor varð matvæla- og næringarfræðiskor á árinu 2006.
- Diploma-nám í ferðamálafræði í jarð- og landfræðiskor hófst 1999, og fyrstu BS-nemar í þeirri grein útskrifuðust 2002. Aðalkennarar þar voru ekki tengdir R.H.
- Flutningar jarðvísinda-stofanna (nema háloftad.) í Öskju, að mestu um áramót 2003-04.
- Sameining jarðvísinda-stofanna og Norrænu eldfjallastöðvarinnar í J.H. 1. júlí 2004.
- Eðlis-, efnafraeð- og stærðfræðistofnun frá 2004, Efnagreiningarstofa, Bragastofa o.fl.
- Jarð- og landfræðiskor skiptist í tvennt á miðju ári 2007, og þá fluttist jarðeðlisfræðikennsla úr eðlisfræðiskor í jarðvísindaskor.
- Nýtt sviða-skipulag H.Í. í júlí 2008: meðal annars fór jarðeðlisfræðikennsla þá í jarðvísindadeild, matvæla- og næringarfræðiskor fluttist til heilbrigðisvísindasviðs, og nám í landa- og ferðamálafræði tilheyrði líf- og umhverfisvísindadeild.